

Nd.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarps-umræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina, gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreifða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú meginregla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinn nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.

Vegna þessa eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarps-umræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.